

7. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um kattahald gilda, skal hann sæta skriflegri áminningu fyrir minni háttar brot. Vegna annarra brota getur sveitarstjórn bannað viðkomandi kattahald.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja á gjald vegna kattahalds samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og umhverfisráðherra staðfestir.

9. gr.

Sveitarstjórn annast eftirlit með kattahaldi, samkvæmt samþykkt þessari, undir yfirstjórn heilbrigðisnefndar. Leita má aðstoðar lögregluþyrvalda ef þörf krefur.

10. gr.

Ítrekuð brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum eða varðhaldi. Með brot skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

11. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 17. apríl 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna kattahalds á Breiðdalsvík, S-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja á gjald vegna kattahalds, sbr. 8. gr. samþykktar um kattahald á Breiðdalsvík, S-Múlasýslu frá því 17. apríl 1997.

2. gr.

Gjaldið er kr. 1.000 á ári fyrir hvern kött.
Ormahreinsun katta er innifalin í gjaldinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 17. apríl 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.